

SAMÞYKKT
um stjórn Borgarbyggðar.

I. KAFLI

Um skipan sveitarstjórnar, sjálfstjórn hennar og verkefni sveitarfélagsins.

1. gr.

Skipan sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn sveitarfélagsins Borgarbyggðar er skipuð níu fulltrúum, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna.

2. gr.

Sjálfstætt stjórnvald.

Borgarbyggð er sjálfstætt stjórnvald, sem er stjórnað af lýðræðislega kjörinni sveitarstjórn í umboði íbúa sveitarfélagsins.

3. gr.

Verkefni sveitarfélagsins.

Borgarbyggð annast þau lögmæltu verkefni sem sveitarfélaginu eru falin í lögum, sbr. og leiðbeinandi auglýsingu frá því ráðuneyti sem fer með málefni sveitarfélaga.

Sveitarfélagið Borgarbyggð vinnur að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Sveitarfélaginu Borgarbyggð er heimilt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þess, enda sé það ekki falið öðrum að lögum.

II. KAFLI

Um sveitarstjórn.

4. gr.

Hlutverk sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum, annarra laga og samþykktar þessarar.

Sveitarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur, ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins.

5. gr.

Verkefni sveitarstjórnar.

Meðal verkefna sveitarstjórnar er að:

1. Sjá um að lögbundnar skyldur séu rættar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélagsins, sbr. 8. gr. sveitarstjórnarlaga.
2. Kjósa forseta og varaforseta sveitarstjórnar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga, byggðarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga, að ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem annast skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga.
3. Setja sveitarstjórn siðareglur, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.
4. Ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins, ráða sveitarstjóra, sbr. 54. gr.

sveitarstjórnarlaga og annað starfsfólk í helstu stjórnunarstöður sveitarfélagsins, sbr. 56. gr. laganna.

5. Móta stefnu fyrir starfsemi sveitarfélagsins, deildir og stofnanir, setja starfsemi sveitarfélagsins reglur, setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
6. Fara með fjárstjórnarvald sveitarfélagsins, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga og gera fjárhagsáætlanir, sbr. 62. gr. sömu laga.
7. Bera ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, sbr. 77. gr. sveitarstjórnarlaga og VIII. kafla samþykktar þessarar og taka ákvarðanir um skuldbindingar sveitarfélagsins til lengri tíma.
8. Samþykkja og hafa eftirlit með framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga, sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga.
9. Veita íbúum og þeim sem njóta þjónustu sveitarfélagsins upplýsingar um málefni sem snerta hagi þeirra og um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.
10. Setja sveitarfélaginu málstefnu skv. 130. gr. sveitarstjórnarlaga.
11. Móta stefnu fyrir komandi ár og næstu þrjú ár á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðakjörnum sveitarfélagsins, sbr. 130. gr. a. sveitarstjórnarlaga.
12. Móta stefnu fyrir hvert kjörtímabil um markmið og aðgerðir til að koma í veg fyrir mismunun skv. 13. gr. laga um stjórnsýslu jafnréttismála.

6. gr.

Ný sveitarstjórn tekur til starfa.

Nýkjörin sveitarstjórn tekur til starfa 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfarandi sveitarstjórn umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum um kosningar til sveitarstjórna. Nýkjörin sveitarstjórn hefur einungis umboð til töku ákvarðana um málefni sveitarstjórnarinnar eða sveitarfélagsins eftir að hún tekur við störfum.

Sá fulltrúi í nýkjörinni sveitarstjórn sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórn boðar til fyrsta fundar eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum. Hann stýrir fundi þar til forseti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar setið jafnlengi í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Fyrsta fund skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

7. gr.

Kjör forseta og varaforseta.

Á fyrsta fundi kýs sveitarstjórn forseta og fyrsta og annan varaforseta. Skulu þeir kjörnir til eins árs í senn.

Njóti forseti eða varaforseti ekki lengur stuðnings sveitarstjórnar skal kjósa í þau embætti að nýju. Hið sama á við ef forseti eða varaforseti forfallast varanlega eða fær lausn frá starfi.

Sá telst rétt kjörinn forseti sem fær atkvæði meiri hluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju. Við aðra umferð telst sá rétt kjörinn sem fær meiri hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði. Fáist ekki niðurstaða við aðra umferð skal kosið þriðja sinni en þá á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist skal varpa hlutkesti um það milli hverra tveggja verður kosið. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Forseti stjórnar kjöri tveggja varaforseta sveitarstjórnar og skal kosning þeirra vera hlutfallskosning enda sé ekki full samstaða um annað innan sveitarstjórnar, sjá 5. mgr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Sé einungis einn forseti á fundi, gegnir aldursforseti störfum varaforseta. Sé enginn forseti á fundi, gegnir aldursforseti úr hópi kjörinna aðalfulltrúa störfum forseta og sá sem næstelstur er gegnir störfum varaforseta.

Tilkynna skal kosningu forseta og varaforseta til ráðuneytis sveitarstjórnarmála.

III. KAFLI

Fundir sveitarstjórnar og fundarsköp.

8. gr.

Fundir sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar skal halda reglulega fundi að jafnaði einu sinni í hverjum mánuði. Skal sveitarstjórn á fyrsta fundi sínum ákveða fundardaga og fundartíma sveitarstjórnar fyrir kjörtímabilið. Tímasetning reglulegra funda skal auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins. Aukafundi skal halda þegar forseti eða sveitarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur sveitarstjórnarfulltrúa óskar þess.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi sveitarstjórnar á undan.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar er heimilt að fella niður reglulega fundi sveitarstjórnar vegna sumarleyfis og skal byggðarráð þá hafa heimild til fullnaðarafgreiðslu mála meðan á því stendur, sbr. 5. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

9. gr.

Boðun sveitarstjórnarfunda.

Sveitarstjóri boðar sveitarstjórnarfundi í samráði við forseta sveitarstjórnar.

Fundarboð skal berast sveitarstjórnarfulltrúum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Aukafund skal boða eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að ósk þar um barst sveitarstjóra. Fundarboð vegna aukafundar skal berast sveitarstjórnarfulltrúum svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring fyrir fund.

Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem eru nauðsynleg til að sveitarstjórnarfólk geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind. Heimilt er að senda dagskrá ásamt fylgigögnum með rafrænum hætti.

10. gr.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar.

Sveitarstjóri semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við forseta og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta sveitarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarstjórnar, ráðningu sveitarstjóra, helstu stjórnenda sveitarfélagsins og endurskoðenda þess.
2. Fundargerðir byggðarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins.
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tölul. hér að framan og þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
4. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og sveitarstjóri eða forseti ákveða að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá.

Sveitarstjórnarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal

tilkynna það sveitarstjóra skriflega með fjögurra sólarhringa fyrirvara frá áætluðum fundardegi til þess að unnt sé að taka það á dagskrá.

11. gr.

Tilkynning til íbúa um fundi sveitarstjórnar.

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórn ákvörðun um hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru að jafnaði haldnir, sbr. 8. gr. samþykktar þessarar, og skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti.

Íbúum sveitarfélagsins skal kynnt með auglýsingu, til dæmis á vefsíðu sveitarfélagsins um fyrirhugaða fundi sveitarstjórnar ásamt dagskrá, innan sömu tímafresta og við á um sveitarstjórn, enda standi reglur um þagnarskyldu ekki í vegi fyrir því.

12. gr.

Opnir fundir sveitarstjórnar.

Fundir sveitarstjórnar eru opnir, en heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Ef fram kemur tillaga um lokun fundar skal hún afgreidd án umræðu. Forseti sveitarstjórnar eða sveitarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum ákvörðun um lokun fundar.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tiltekið starfsfólk sveitarfélagsins sé viðstatt.

13. gr.

Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.

Sveitarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur sveitarstjórnarfólks sé viðstatt á fundi.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

14. gr.

Þátttaka í fundi með rafrænum hætti.

Fulltrúumí nefndum og ráðum er heimilt að taka þátt með rafrænum hætti á fundum nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins ef brýna nauðsyn ber til. Þegar nefndarmaður tekur þátt í fundi með rafrænum hætti skal hann vera staddur í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innanlands á vegum sveitarfélagsins. Að öðrum kosti skal varamaður boðaður á viðkomandi fund. Tryggja skal jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram og öryggi samskipta milli fundarmanna.

Um framkvæmd fjarfunda gildir að öðru leyti gildir auglýsing um leiðbeiningar um fjarfundi sveitarstjórna og leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

15. gr.

Tvær umræður í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn skal hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili um:

1. Samþykktir og reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.
2. Staðfestingu ársreiknings.
3. Stefnumarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélagsins í heild eða meiri hluta þess.
4. Tillögu um að kjósa samstarfsnefnd vegna sameiningar sveitarfélaga skv. 1. mgr.

119. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá skal sveitarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. tveggja vikna millibili, um fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

16. gr.

Fundarsköp og ritun fundargerða.

- a. *Fundarstjórn.* Forseti stjórnar umræðum á fundum sveitarstjórnar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Hann sér um að fundargerðir séu færðar og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta. Forseti sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum sveitarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar.
- b. *Vald forseta.* Skylt er sveitarstjórnarmanni að lúta valdi forseta í hvívetna varðandi það að gætt sé góðrar reglu.
- c. Ef sveitarstjórnarmaður ber aðra menn brigsalum eða víkur verulega frá umræðuefninu skal forseti víta hann. Ef sveitarstjórnarmaður er víttur tvisvar á sama fundi getur forseti lagt til við sveitarstjórn að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.
- d. Ef sveitarstjórnarmaður óhlýðnast úrskurði forseta eða almenn óregla kemur upp á fundi skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi.
- e. Ef áheyrandi á sveitarstjórnarfundi raskar fundarfriði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita í fundarsal sveitarstjórnar.
- f. *Afgreiðsla mála.* Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem dagskrá kveður á um nema sveitarstjórn eða forseti ákveði að önnur röð skuli höfð. Forseti getur ákveðið að tiltekið mál í fundargerð sem er á dagskrá verði gert að sérstökum dagskrárlið á fundinum. Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki 2/3 viðstadds sveitarstjórnarfólks þau afbrigði.
- g. *Málfrelsi sveitarstjóra.* Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í sveitarstjórn.
- h. *Málfrelsi.* Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar.
- i. Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða sveitarstjóra eða framsögumann svo og sveitarstjórnarmann sem gera vill stutta athugasemd, bera af sér ámæli eða veita andsvar. Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs ákveður forseti í hvaða röð þeir tala.
- j. Sveitarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.
- k. Ávarp ræðumanns. Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til forseta.
- l. Sveitarstjórnarmaður skal ávarpa einstaka sveitarstjórnarmenn með fullu nafni.
- m. Þegar til umræðu er fundargerð skal ræðumaður taka fram hvaða lið í fundargerð hann óskar að ræða.
- n. Ekki má lesa upp prentað mál nema forseti leyfi.
- o. *Hve oft má tala.* Sveitarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarmanni að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftari en tvisvar við hverja

umræðu máls. Sveitastjóri hefur óbundið málfrelsi.

- p. *Ræðutími.* Telji forseti að umræður dragist úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða að umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál meira en svo að hún standi skemur en í tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum þessarar greinar.
- q. *Tillögur og afgreiðsla.* Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu, dagskrártillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Forseti getur krafist þess að slíkar tillögur séu skriflegar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu í samræmi við almennar reglur um fundarsköp.
- r. Forseti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.
- s. *Réttur til bókunar.* Þeir sem hafa rétt til að taka þátt í umræðum í sveitarstjórn eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð athugasemdir um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru.
- t. *Atkvæðagreiðsla.* Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Sveitarstjórnarmaður greiðir atkvæði úr sæti sínu. Forseti biður þá sveitarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.
- u. Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða felld án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.
- v. Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur fulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarfólks í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarmaður, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.
- w. Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.
- x. *Kosningar.* Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn, skv. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar, sé þess óskað. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við forsetakjör. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar. Sveitarstjórn ber að hafa í huga ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga varðandi kynjahlutfall.
- y. *Ritun fundargerða.* Við ritun fundargerða sveitarstjórnar skal farið eftir auglýsingu ráðuneytis sveitarstjórnarmála um ritun fundargerða sveitarstjórna, sem settar hafa verið samkvæmt 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

17. gr.

Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

Um hæfi sveitarstjórnarfólks, nefndarfulltrúa og starfsfólks sveitarfélagsins til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögunum. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með

sama hætti vegna ættleiðingar. Þá verður starfsmaður sveitarfélagsins ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber sveitarstjórnarmanni, nefndarfulltrúa eða starfsmanni sveitarfélagsins að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd sveitarfélagsins.

Að öðru leyti vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

18. gr.

Varamenn í sveitarstjórn.

Sé sveitarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnmalaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast. Tilkynningu um slíkt samkomulag skal leggja fram í upphafi hvers kjörtímabils og gildir hún til loka þess.

IV. KAFLI

Réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

19. gr.

Skyldur sveitarstjórnarfólks.

Sveitarstjórnarmanni ber skylda til að taka þátt í öllum sveitarstjórnarfundum og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráði eða stjórn á vegum sveitarfélagsins, sem og til annarra trúnaðarstarfa á vegum sveitarfélagsins. Sá sem verið hefur forseti heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan sveitarstjórnar jafnlangan tíma eða lengur getur skorast undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið með höndum. Ósk um undanþágu skal sett fram áður en kjör í viðkomandi nefnd eða trúnaðarstarf fer fram.

Hverjum sveitarstjórnarmanni er skylt að inna af hendi störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar.

Sveitarstjórnarfólk skal gæta trúnaðar um það sem það verður áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

20. gr.

Réttur sveitarstjórnarfólks.

Sveitarstjórnarfólk er sjálfstætt í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að tekið verði á dagskrá sveitarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni sveitarfélagsins eða verkefni þess.

Mál sem ekki er tilgreint á boðaðri dagskrá sveitarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis 2/3 hluta fundarmanna.

Sveitarstjórnarmenn hafa málfrelsi á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum sveitarstjórnar. Þeir hafa tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar.

Vilji sveitarstjórnarmaður ekki una úrskurði forseta um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til sveitarstjórnar sem sker úr án umræðna.

21. gr.

Aðgangur að gögnum.

Vegna starfa sinna í sveitarstjórn á sérhver sveitarstjórnarmaður rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu sveitarfélagsins og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í sveitarstjórn.

Óski sveitarstjórnarmaður eftir gögnum skal hann beina skriflegri beiðni þar um til sveitarstjóra. Tiltaka skal í beiðninni hvaða gögnum óskað er eftir og/eða um hvaða málefni þau fjalla. Miða skal við að aðgangur sé veittur eins skjótt og auðið er frá móttöku beiðninnar. Varði beiðni mikið umfang gagna eða ef gögn eru undanþegin upplýsingarétti almennings skal sveitarstjóri leggja til að sveitarstjórnarmaður kynni sér gögn á skrifstofu sveitarfélagsins en fái ekki afrit þeirra.

Sveitarstjórnarmaður skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur.

Ef beiðni sveitarstjórnarmanns varðar viðkvæma persónulega hagsmuni einstaklings sem ekki er til umfjöllunar í sveitarstjórn, er heimild að neita um afhendingu gagna og upplýsinga.

22. gr.

Siðareglur og góðir starfshættir.

Sveitarstjórnarmaður skal í störfum sínum fara eftir þeim siðareglum sem sveitarstjórn setur sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.

23. gr.

Lausn frá störfum.

Telji sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum í sveitarstjórn án óhæfilegs álags, getur hann óskað eftir því við sveitarstjórn að hún:

1. létti af honum störfum eða
2. veiti honum lausn úr sveitarstjórn um tiltekinn fyrirfram ákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Þegar sveitarstjórnarmaður flytur úr sveitarfélaginu um stundarsakir má sveitarstjórn ákveða, að ósk hans, að hann skuli víkja úr sveitarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í sveitarfélaginu. Slík ákvörðun skal tekin áður en sveitarstjórnarmaður flytur um stundarsakir. Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein missir sveitarstjórnarmaður kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi og getur ekki tekið aftur sæti í sveitarstjórn á kjörtímabilinu taki hann aftur búsetu í sveitarfélaginu.

Missi sveitarstjórnarmaður kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórn. Ef sveitarstjórnarmaður missir fjárforræði skal sveitarstjórn veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

24. gr.

Boðun varamanna.

Þegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í sveitarstjórn skal boða varamann hans til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur sveitarstjórnarmaður krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki

fram að ganga ef 2/3 hlutar viðstaddra sveitarstjórnarfulltrúa greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í sveitarstjórn á þeim fundi.

Aðalmaður skal tilkynna forföll til fundarboðanda skv. samþykkt þessari, eins fljótt og auðið er og óska eftir því að varamaður verði boðaður. Forföll samkvæmt þessari málsgrein taka ávallt til viðkomandi fundar í heild, eða til loka fundar sé um það að ræða.

Þegar fyrrséð er að aðalmaður í sveitarstjórn mun taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varamaður hans taka sæti í sveitarstjórninni frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Ef aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í sveitarstjórn skal varamaður hans taka sæti í sveitarstjórn frá og með næsta fundi.

25. gr.

Þóknun o.fl.

Sveitarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar skal sveitarstjórnarmaður fá greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

Sveitarstjórnarmaður má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.

26. gr.

Réttindi og skyldur varamanna.

Ákvæði þessa kafla, um réttindi og skyldur sveitarstjórnarfólks, á einnig við um varamenn þegar þeir taka sæti í sveitarstjórn.

V. KAFLI

Byggðarráð.

27. gr.

Kosning byggðarráðs.

Sveitarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá aðalmenn og jafnmarga varamenn í byggðarráð til eins árs í senn. Aðalmenn í sveitarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í byggðarráð, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga. Aðalfulltrúar og varafulltrúar af sama framboðslista og hinn kjörni byggðarráðsmaður verða varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn kýs formann og varaformann byggðarráðs úr hópi kjörinna byggðarráðsmanna.

Byggðarráð getur ráðið sér fundarritara utan byggðarráðs. Kosning í byggðarráð skal vera leynileg og bundin hlutfallskosning sé þess óskað.

28. gr.

Fundartími byggðarráðs.

Að jafnaði skal halda reglulega fundi byggðarráðs vikulega, nema í þeirri viku sem

reglulegur sveitarstjórnarfundur er haldinn. Sveitarstjórn ákveður reglulegan fundartíma byggðarráðs, sem skal auglýstur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Aukafundi skal halda ef sveitarstjóri eða kjörinn fulltrúi í byggðarráði óska þess.

29. gr.

Boðun funda byggðarráðs.

Sveitarstjóri undirbýr byggðarráðsfundi í samráði við formann byggðarráðs.

Hann sér um að byggðarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

Geti byggðarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna sveitarstjóra um forföll og óska eftir því að varamaður verði boðaður.

30. gr.

Stjórnun byggðarráðs.

Formaður byggðarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar byggðarráðsins.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í byggðarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver byggðarráðsmanna óskar þess.

31. gr.

Áheyrnarfulltrúar í byggðarráði.

Framboðslisti sem fulltrúa á í sveitarstjórn en ekki í byggðarráði má tilnefna sveitarstjórnarfulltrúa til setu í byggðarráði með málfrelsi og tillögurétt. Aðalfulltrúar og varafulltrúar af sama framboðslista og áheyrnarfulltrúinn verða varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til sveitarstjórnar.

32. gr.

Verkefni byggðarráðs.

Byggðarráð fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn sveitarfélagsins að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin.

Byggðarráð hefur eftirlit með stjórnarsýslu sveitarfélagsins og fjármálastjórn þess, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur þau fyrir sveitarstjórn.

Þá sér byggðarráð um að ársreikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt og lagðir fyrir sveitarstjórn til meðferðar og afgreiðslu.

Meðan sveitarstjórn er í sumarleyfi fer byggðarráð með sömu heimildir og sveitarstjórn hefur ella enda sé eigi ágreiningur innan ráðsins eða við framkvæmdastjóra um ákvörðunina.

Sveitarstjórn getur falið byggðarráði fullnaðarafgreiðslu mála, nema lög mæli á annan veg, sbr. 35. gr. og 42. gr. sveitarstjórnarlaga.

Byggðarráð fer með málefni atvinnulífs í sveitarfélaginu, utan landbúnaðarmála.

Byggðarráð fer með málefni bókasafna skv. bókasafnalögum nr. 150/2012, málefni safna, sbr. safnalög nr. 141/2011 og starfar sem stjórn Safnahúss

Byggðarráð fer með menningarmál í sveitarfélaginu ásamt málefnum félagsheimila, Hjálmakletts og menningarhátíða.

VI. KAFLI

Fastanefndir, ráð og stjórnir aðrar en byggðarráð.

33. gr.

Kosning í fastanefndir og kjörtímabil.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt þessari. Slíkar nefndir teljast fastanefndir sveitarstjórnar. Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og sveitarstjórnar, nema annað leiði af lögum eða samþykkt þessari. Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin sveitarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri sveitarstjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

34. gr.

Kosning og kjörgengi.

Kosningar í fastanefndir sveitarstjórnar, nefndir fyrir hluta sveitarfélagsins, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka og aðrar nefndir og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga. Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr., sveitarstjórnarlaga, skal sveitarstjórn gæta þess að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tölul. 44. gr. laganna við skipun í viðkomandi nefnd. Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga. Starfsfólk fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins er ekki kjörgengt í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem það starfar hjá. Sveitarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum vegna nefndarsetu.

Framboðsaðila sem fulltrúa á í sveitarstjórn, en nær ekki kjöri í fastanefnd sem hefur fengið framselt vald til fullnaðarafgreiðslu, er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku á fundum þeirra nefnda. Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd.

35. gr.

Erindisbréf.

Sveitarstjórn staðfestir erindisbréf fyrir ráð, nefndir og stjórnir, þar sem kveðið er á um hlutverk, valdsvið og starfshætti í samræmi við lög, reglugerðir og almenna starfshætti sveitarstjórnar.

36. gr.

*Valdsvið nefnda og framsal sveitarstjórnar til fastanefnda
á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.*

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur sveitarstjórn ákveðið í samþykkt þessari eða með sérstökum viðauka við hana, að fela nefnd, ráði eða starfsmanni á vegum sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu mála ef:

1. Lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því.
2. Ákvörðun gengur ekki gegn fjárhagsáætlun eða öðrum almennum og bindandi reglum eða áætlunum sem sveitarstjórn hefur sett.
3. Ákvarðanir víkja ekki frá stefnu sveitarfélagsins í veigamiklum málum.

Ef fastanefnd er falið vald samkvæmt þessari málsgrein skal fjöldi nefndarmanna standa á oddatölu.

Þegar um er að ræða fullnaðarafgreiðslu skal koma fram í afgreiðslu málsins að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gæta að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga.

Sá aðili sem hefur fengið framselt vald til fullnaðarafgreiðslu getur ávallt óskað eftir því að sveitarstjórn eða byggðarráð taki ákvörðun í máli. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls sem hefur verið fullnaðarafgreitt á grundvelli 1. mgr. til sveitarstjórnar.

37. gr.

Endurupptaka máls.

Aðili máls á rétt á að mál hans sé tekið til meðferðar á ný eftir fullnaðarafgreiðslu þess hjá sveitarstjórn, nefnd eða embættismanni, ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því ákvörðun var tekin, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga.

Beiðni um endurupptöku máls skal beina til sveitarstjórnar og verður að jafnaði að koma fram áður en þrír mánuðir eru liðnir frá því málsaðila er tilkynnt um afgreiðslu.

Ef endurupptökuskilyrði eru fyrir hendi tekur viðkomandi ráð eða nefnd ákvörðun um málsmeðferð.

Ákvæði þetta á þó ekki við um endurupptöku mála hjá barnaverndarþjónustu Borgarbyggðar en nánar er kveðið á um málsmeðferð þeirra mála í viðauka 1.8 um fullnaðargreiðslu mála hjá Barnaverndarþjónustu Borgarbyggðar samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

38. gr.

Afgreiðsla fundargerða nefnda, ráða og stjórna.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir sveitarstjórn til kynningar eða afgreiðslu og staðfestingar. Þær ályktanir eða tillögur í fundargerðum sem þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar eru lagðar fyrir sem sérstök mál og eru afgreidd með formlegum hætti. Ályktun nefndar sem hefur fjárútlát í för með sér skal lögð fyrir sveitarstjórn eða byggðarráð eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

39. gr.

Fundir nefnda og ályktunarhæfi.

Fundir nefnda skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki. Um fundi nefnda, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt.

40. gr.

Fundarstjórn og fundargerðir.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á. Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Nefnd getur ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða, nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. 16. gr. samþykktar þessarar.

41. gr.

Varamenn.

Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Þegar kosið er til nefndar

hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn og aðalmaður í nefnd er forfallaður taka varamenn þess lista sem aðalmaður er kjörinn af sæti í nefnd í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga. Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til sveitarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við hlutbundna kosningu í nefnd sveitarstjórnar geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum vegna nefndarkosningarinnar, sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir, taki sæti hans í nefndinni í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyri sama framboðslista og aðalmaður tilheyrði þegar kosning í nefnd fór fram taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum. Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta sveitarstjórnarfundi eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

42. gr.

Boðun varamanna.

Um boðun varamanna á nefndarfundi gilda ákvæði 24. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á. Ef aðalmaður í nefnd fellur frá, missir kjörgengi, fær lausn frá nefndarstarfi eða forfallast varanlega frá því að sitja í nefnd tekur varamaður hans sæti í nefndinni nema sveitarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju, ella skipar sveitarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni.

Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar um varamenn taka einnig til varaáheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt.

43. gr.

Lausn frá nefndarsetu og endurskipun.

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins, sem ekki eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndastörfum hvenær sem er á kjörtímabili með skriflegri tilkynningu til sveitarstjóra. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við sveitarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi. Sveitarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kys eða skipar sé ekki um það ágreiningur innan sveitarstjórnarinnar eða ef málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður án lögmætra forfalla mætir ekki á fundi eða brýtur gegn þagnarskyldu. Við slíkar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan sveitarstjórnar um breytingarnar. Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

44. gr.

Þóknun.

Sveitarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins þóknun fyrir þau störf, samkvæmt mati sveitarstjórnar, í samræmi við reglur sem hún setur. Sveitarstjórn er með sama hætti heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins.

45. gr.

Önnur réttindi og skyldur.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

46. gr.

Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt. Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögaðila, sem sveitarstjórn kýs fulltrúa til skv. 1. mgr., fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem sveitarfélaginu væri ekki sjálfu heimilt að sinna, þá er fulltrúi sveitarfélagsins í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirmælum sveitarstjórnarinnar um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögaðila.

47. gr.

Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtalдар nefndir, ráð og stjórnir. Sveitarstjórn kýs formann og varaformann byggðarráðs, fjölskyldunefndar, skipulags- og byggingarnefndar, umhverfis- og landbúnaðarnefndar, öldungaráðs og fjölmenningsráðs.

A. Fulltrúar kjörnir til eins árs á fundi í júní ár hvert:

1. *Byggðarráð.* Sveitarstjórn kýs þrjá sveitarstjórnarmenn og þrjá til vara í byggðarráð skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga og 27. gr. samþykktar þessarar. Auk þess er kjörinn áheyrnarfulltrúi og annar til vara með málfrelsi og tillögurétt frá lista sem ekki fær kjörinn fulltrúi. Eingöngu kjörnir sveitarstjórnarmenn eru kjörgengir í byggðarráð sem aðalmenn. Áheyrnarfulltrúar skulu einnig vera kjörnir fulltrúar.
2. *Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.* Sveitarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara á aðalfund Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi skv. 5. mgr. 4. gr. laga samtakanna.

B. Fulltrúar í fastanefndir kjörnir út kjörtímabilið á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

I. Fjölskyldusvið:

Fjölskyldunefnd Sveitarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara. skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Heimilt er að tilnefna tvo auka fulltrúa til setu í fjölskyldunefnd með málfrelsi og tillögurétt sem kjörnir eru af sveitarstjórn. Nefndin fer með málefni félagsþjónustu sveitarfélagsins skv. sömu lögum og reglugerðum þeim tengdum, þ.e. félagslega ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, stuðningsþjónustu, málefni barna og ungmenna, þjónustu við unglinga, þjónustu við aldraða, þjónustu við fatlað fólk, húsnæðismál og vímuvarnir/forvarnir, félagslegar leiguíbúðir, sérstakar húsaleigubætur, málefni aldraðra, málefni flóttafólks, og forvarnamál. Nefndin fer með jafnréttismál samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, sbr. lög nr. 151/2020, um stjórnarsýslu jafnréttismála. Fjölskyldunefnd hefur umsjón með framkvæmd laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018 og málefni aldraðra samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999, sbr. 19. gr. laga nr. 37/2018. Nefndin fer með málefni flóttafólks sbr. lög um útlendinga nr. 80/2016. Nefndin fer með húsnæðismál samkvæmt lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998. Fjölskyldunefnd er auk þess falin yfirstjórn barnaverndarþjónustu skv. 1. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga,

nr. 80/2002. Nefndin fer þá einnig með málefni leikskóla samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008, málefni grunnskóla samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008, málefni tónlistarskóla samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 og samkvæmt ákvæðum samstarfssamninga sem um rekstur tónlistarskóla gilda hverju sinni, málefni framhaldsskóla samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 og samstarfssamninga um rekstur framhaldsskóla sem gilda hverju sinni og æskulýðsmál samkvæmt æskulýðslögum nr. 70/2007. Nefndin fer með málefni dagforeldra, félagsmiðstöðva unglinga, starfsemi frístundaheimila, íþróttamiðstöðva og íþróttavalla. Þá fer nefndin með íþróttamál samkvæmt íþróttalögum nr. 64/1998. Nefndin fer jafnframt með yfirumsjón innleiðingar og framfylgd laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Nefndin skal leggja fram tillögur til sveitarstjórnar um útgjaldaliði í fyrrgreindum málaflokkum í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar. Auk ofangreindra verkefna skal nefndin sinna öðrum þeim verkefnum sem sveitarstjórn felur henni með erindisbréfi.

II. Skipulags- og umhverfissvið:

1. *Skipulags- og byggingarnefnd.* Sveitarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara. Nefndin fer með skipulags- og byggingarmál, þ.m.t. umhverfismat skipulagsáætlana. Nefndin starfar m.a. samkvæmt lögum um mannvirki nr. 160/2010 og skipulagslögum nr. 123/2010. Nefndin hefur einnig frumkvæði að gerð skipulagsáætlana og skipulagsskilmála. Nefndin skal leggja fram tillögur til sveitarstjórnar um útgjaldaliði í fyrrgreindum málaflokkum í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar. Auk ofangreindra verkefna skal nefndin sinna öðrum þeim verkefnum sem sveitarstjórn felur henni með erindisbréfi.
2. *Umhverfis- og landbúnaðarnefnd.* Sveitarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara. Nefndin fer með málefni náttúruverndar, umhverfismála og loftslagsmála, sorphirðu og sorpeyðingar. Nefndin fer með náttúruverndarmál, sbr. lög nr. 60/2013 um náttúruvernd og loftslagsmál, sbr. lög um loftslagsmál nr. 70/2012, fjallar um málefni sorphirðu og sorpeyðingar, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003. Nefndin hefur umsjón með eyðingu refa og minka, sbr. lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 60/1994 og hefur ákveðnar skyldur skv. lögum um velferð dýra nr. 55/2013 og lögum um búfjárhald nr. 38/2013. Nefndin fjallar um málefni girðinga, sbr. girðingarlög nr. 135/2001, veghald sveitarfélagsvega, sbr. vegalög nr. 80/2007 og landgræðslu, sbr. lög um landgræðslu nr. 155/2018. Nefndin fer með veitumál skv. ákvæðum laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009. Nefndin skal leggja fram tillögur til sveitarstjórnar um útgjaldaliði í fyrrgreindum málaflokkum í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar. Auk ofangreindra verkefna skal nefndin sinna öðrum þeim verkefnum sem sveitarstjórn felur henni með erindisbréfi.

C. Kosningar í stjórnir, samstarfsnefndir og ráð til fjögurra ára:

1. *Yfirkjörstjórn.* Sveitarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara. Yfirkjörstjórn fer með þau verkefni sem henni eru falin samkvæmt ákvæðum kosningalaga nr. 112/2021.
2. *Undirkjörstjórnir.* Sveitarstjórn kýs fjórar undirkjörstjórnir, eina fyrir hverja kjördeild. Í hverja undirkjörstjórn skal kjósa þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara. Undirkjörstjórnir fara með framkvæmd kosninga í viðkomandi kjördeild samkvæmt ákvæðum kosningalaga nr. 112/2021. Kjördeildir eru sem hér segir:
 - a. Borgarneskjördeild fyrir íbúa á svæðinu milli Hítarár og Gljúfurár, íbúa Hvanneyrar, Skorradals og Andakíls.

- b. Þinghamarskjördeild fyrir íbúa í Stafholtstungum, Norðurárdal, Bifröst og Þverárhlið.
 - c. Lindartungukjördeild fyrir íbúa á svæðinu milli Hítarár og Haffjarðarár.
 - d. Kleppjárnsreykjakjördeild fyrir íbúa Bæjarsveitar, Lundarreykjadals, Flókadals, Reykholtisdals, Hvítársíðu og Hálsasveitar.
3. *Fjallskilanefnd*. Sveitarstjórn kys sjö fulltrúa og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar skulu vera sömu einstaklingar og eru formenn fjallskilanefnda skv. 4. tl. C-liðar 47. gr. samþykktar þessarar. Varafulltrúar skulu vera sömu einstaklingar og eru varaformenn fjallskilanefnda. Nefndin fer með yfirumsjón fjallskilamála í sveitarfélaginu, sbr. lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Nefndin fer með önnur málefni samkvæmt erindisbréfi sem henni er sett.
 4. *Fjallskiladeildir*. Sveitarstjórn kys fulltrúa í sjö fjallskilanefndir fyrir einstakar fjallskiladeildir:
 - a. Fjallskilanefnd Kaldárbakka- og Mýrdalsréttar. Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara.
 - b. Fjallskilanefnd Hítardalsréttar. Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara.
 - c. Fjallskilanefnd Grímsstaðaréttar. Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara.
 - d. Fjallskilanefnd Brekku- og Svignaskarðsréttar. Fjórir fulltrúar og jafnmargir til vara.
 - e. Fjallskilanefnd Þverárréttar. Fjórir fulltrúar og jafnmargir til vara.
 - f. Fjallskilanefnd Rauðsgilsréttar. Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara.
 - g. Fjallskilanefnd Oddstaðaréttar. Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara.
 Fjallskilanefndir fara með afrétta- og fjallskilamál undir yfirstjórn sveitarstjórnar. Formenn nefndanna fara með atkvæðisrétt í veiðifélögum fyrir afréttarlandi.
 5. *Stjórn fólkvangsins í Einkunnum*. Sveitarstjórn kys þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara skv. 4. gr. samnings sem umhverfisráðherra hefur staðfest í umboði Umhverfisstofnunar um umsjón og rekstur fólkvangsins Einkunna í landi Hamars í Borgarbyggð.
 6. *Húsnefnd Lindartungu*. Sveitarstjórn kys þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara. Húsnefnd fer með rekstur félagsheimilisins samkvæmt lögum um félagsheimili og samþykktum fyrir Lindartungu.
 7. *Húsnefnd Lyngbrekku*. Sveitarstjórn kys þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara. Húsnefnd fer með rekstur félagsheimilisins samkvæmt lögum um félagsheimili og samþykktum fyrir Lyngbrekku.
 8. *Húsnefnd Þinghamars*. Sveitarstjórn kys þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara. Húsnefnd fer með rekstur félagsheimilisins samkvæmt lögum um félagsheimili og samþykktum fyrir Þinghamar.
 9. *Húsnefnd Brúnar*. Sveitarstjórn kys þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara. Húsnefnd fer með rekstur samkomuhússins samkvæmt lögum um félagsheimili og samþykktum fyrir samkomuhúsið Brún.

D. Aðrir fulltrúar kjörnir á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

Hér er um að ræða stjórnir stofnana með sjálfstæðan fjárhag og tilnefningar í samstarfsráð sem hafa endanlegt ákvörðunarvald í málefnum sínum, þ.e. þurfa ekki staðfestingu sveitarstjórnar til að koma málum í framkvæmd, innan ákveðins fjárhagslegs ramma. Kjörtímabil þeirra er samkvæmt samþykktum um stjórn viðkomandi stofnunar.

1. *Almannavarnanefnd Vesturlands*. Sveitarstjóri situr í almannavarnanefnd Vesturlands. Einnig hefur slökkviliðsstjóri seturétt í nefndinni með málfrelsi og tillögurétt.
2. Stjórn Brákarhliðar. Sveitarstjórn kys fjóra fulltrúa og jafnmarga til vara samkvæmt

samþykktum fyrir Brákarhlíð

3. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Sveitarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara samkvæmt lögum sambandsins.
4. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands*. Sveitarstjórn kýs einn fulltrúa og annan til vara samkvæmt lögum um Eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands.
5. Húsaverndunarsjóður Borgarbyggðar. Sveitarstjórn kýs tvo fulltrúa og jafnmarga til vara.
6. *Fulltrúaráð Fjölbrautaskóla Vesturlands*. Sveitarstjórn kýs tvo fulltrúa og jafnmarga til vara samkvæmt samningi um skólann og ákvæðum laga um framhaldsskóla nr. 92/2008.
7. *Fjallskilaumdæmi*. Sveitarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í stjórn fjallskilaumdæmis Borgarbyggðar, Hvalfjarðarsveitar og Akraneskaupstaðar
8. *Stjórn Menningarsjóðs Borgarbyggðar*. Sveitarstjórn kýs fimm fulltrúa og fimm til vara skv. skipulagsskrá Menningarsjóðs Borgarbyggðar nr. 930/2007.
9. *Stjórn Snorrastofu*. Sveitarstjórn kýs einn fulltrúa og annan til vara skv. 4. gr. skipulagsskrá Snorrastofu
10. *Sjálfsseignarstofnun Arnarvatnsheiðar og Geitlands*. Sveitarstjórn kýs einn fulltrúa og annan til vara.
11. *Heilbrigðisnefnd Vesturlands*. Sveitarstjórnirnar á svæðinu kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
12. *Stjórn Faxaflóahafna*. Sveitarstjórnir á svæðinu kjósa alls átta aðalmenn og jafnmarga til vara í stjórnina skv. samþykktum Faxaflóahafna.
13. *Stjórn Háskólans á Bifröst*. Sveitarstjórn kýs einn fulltrúa í stjórn Háskólans á Bifröst og annan til vara skv. lið 5.1 í skipulagsskrá fyrir sjálfsseignarstofnunina Háskólinn á Bifröst ses.
14. *Fulltrúaráð Háskólans á Bifröst*. Sveitarstjórn kýs þrjá fulltrúa í fulltrúaráð Háskólans á Bifröst og þrjá til vara skv. lið 5.8 í skipulagsskrá fyrir sjálfsseignarstofnunina Háskólinn á Bifröst ses.
15. *Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar*. Sveitarstjórn kýs fjóra fulltrúa í stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar og fjóra til vara skv. samþykktum skólans.
16. *Stjórn Nemendagarða Menntaskóla Borgarfjarðar*. Sveitarstjórn kýs tvo fulltrúa í stjórn Nemendagarða Menntaskóla Borgarfjarðar og tvo til vara skv. samþykktum félagsins.

E. Hagsmunaráð sem kosin eru til eins árs á sveitarstjórnarfundum í september.

1. *Ungmennaráð*. Sveitarstjórn kýs sex fulltrúa og jafnmarga til vara. Ungmennaráð tekur til umfjöllunar þau mál sem sveitarstjórn og nefndir sveitarfélagsins óska eftir hverju sinni og önnur þau mál sem ráðið telur nauðsynlegt að fjalla um í samræmi við hlutverk og markmið ráðsins. Ráðið er skipað samkvæmt erindisbréfi um ungmennaráð.
2. *Öldungaráð*. Sveitarstjórn kýs átta fulltrúa og jafnmarga til vara. Öldungaráð er sveitarstjórn til ráðgjafar um málefni eldri borgara. Ráðið er skipað samkvæmt erindisbréfi um öldungaráð.
3. *Fjölmeningarráð*. Sveitarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara. Fjölmeningarráð gerir tillögur til sveitarstjórnar sem varða verksvið ráðsins skv. erindisbréfi. Ráðið er skipað samkvæmt erindisbréfi um fjölmeningarráð.

Verkefnabundnar nefndir.

Sveitarstjórn getur skipað nefndir til að vinna að afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnar eða fyrr ef verki nefndarinnar er lokið. Sveitarstjórn getur afturkallað umboð slíkrar nefndar hvenær sem er.

VII. KAFLI

Sveitarstjóri og annað starfsfólk sveitarfélagsins.

49. gr.

Ráðning sveitarstjóra.

Sveitarstjórn ræður sveitarstjóra til þess að annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og verkefni sveitarfélagsins. Sveitarstjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin. Ráðningartími sveitarstjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil sveitarstjórnar.

50. gr.

Hlutverk sveitarstjóra.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins. Hann skal sjá um að stjórnsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og fyrirmælum yfirmanna. Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar. Þar hefur hann málfrelsi, tillögurétt og rétt til bókana en ekki atkvæðisrétt nema hann sé jafnframt kjörinn fulltrúi í sveitarstjórninni. Hann hefur jafnframt rétt til setu á fundum nefnda og ráða sem sveitarstjórn skipar. Sveitarstjóri skal sjá um að fundir sveitarstjórnar, byggðarráðs og nefnda sveitarstjórnar séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um að ákvarðanir þær sem teknar eru af hálfu sveitarstjórnar og nefnda komist til framkvæmda, hafi sveitarstjórn ekki falið það öðrum. Sveitarstjóri er prókúruhafi sveitarfélagsins. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki sveitarstjórnar. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi. Sveitarstjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnar þarf til. Sveitarstjóri leggur fram tillögu í byggðarráði í upphafi hvers kjörtímabils um hvaða starfsmaður skuli gegna hlutverki staðgengils sveitarstjóra.

51. gr.

Ráðning í æðstu stjórnunarstöður.

Sveitarstjórn ræður sviðsstjóra skv. skipuriti Borgarbyggðar að fenginni tillögu sveitarstjóra og veitir þeim einnig lausn frá starfi. Gera skal skriflega ráðningarsamninga þar sem meðal annars skal kveðið á um kaup og kjör.

52. gr.

Um ráðningu annars starfsfólks.

Um ráðningu annars starfsfólks annast sveitarstjóri, sviðsstjórar eða forstöðumenn einstakra stofnana, enda hafi sveitarstjórn ekki ákveðið annað í samþykkt þessari eða með almennum fyrirmælum. Gera skal skriflega ráðningarsamninga við starfsfólk þar sem meðal annars skal kveðið á um kaup og kjör.

53. gr.

Framsal sveitarstjórnar til starfsfólks til fullnaðarafgreiðslu mála.

Sveitarstjórn er heimilt að fela einstökum starfsmönnum fullnaðarafgreiðslu einstakra mála á sama hátt og með sömu skilyrðum og nefnd eru í 36. gr. samþykktar þessarar.

Sveitarstjórn getur sett sérstakan viðauka um fullnaðarafgreiðslu fastanefnda og starfsfólks. Viðkomandi nefndir og ráð skulu hafa eftirlit með þeim afgreiðslum og kalla reglulega eftir skýringum og upplýsingum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra. Viðkomandi starfsmanni er alltaf heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. mgr. til viðkomandi ráðs eða nefndar til fullnaðarafgreiðslu. Mál sem starfsmenn afgreiða skulu kynnt fyrir viðkomandi nefnd eða ráði með skriflegri skýrslu í lok hvers ársfjórðungs.

Ef krafist er endurupptöku máls skv. þessari grein skal vísa málinu til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gæta að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga.

54. gr.

Þagnarskylda starfsfólks.

Starfsfólk sveitarfélagsins Borgarbyggðar og aðrir sem sveitarfélagið ræður til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

55. gr.

Um starfskjör og réttindi starfsfólks.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsfólks sveitarfélagsins Borgarbyggðar fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga, starfsmannastefnu, starfsskyldum stjórnenda og jafnréttisáætlun.

VIII. KAFLI

Fjármál sveitarfélagsins.

56. gr.

Fjárstjórnarvald sveitarstjórnar.

Einvörðungu sveitarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. staðfestingu ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,
3. fjárhagsáætlun til fjögurra ára,
4. viðauka við fjárhagsáætlanir skv. 2. og 3. tölulið,
5. lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins,
6. sölu eigna sveitarfélagsins og réttinda þess,
7. álagningu skatta og gjalda,
8. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

57. gr.

Afgreiðsla og form fjárhagsáætlunar.

Sveitarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Bygðarráð leggur samkvæmt 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga tillögu um fjárhagsáætlun fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Sveitarstjórn skal fjalla um hana á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu sveitarstjórnar skal afgreiða tillöguna, þó ekki síðar en 15. desember ár hvert. Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins. Sveitarstjórn skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála fjárhagsáætlun innan fimmtán daga frá afgreiðslu hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun.

58. gr.

Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.

Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 57. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélagsins á fjárhagsáætlunum. Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans. Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar sveitarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnarinnar.

59. gr.

Fjármálareglur og viðmið um afkomu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og ákvæði reglugerðar nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

60. gr.

Ábyrg meðferð fjármuna og heimildir til fjárskuldbindinga.

Sveitarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf. Um heimildir til fjárfestinga í hagnaðarskyni fer skv. ákvæðum 65. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um heimildir sveitarfélagsins til veðsetninga og að gangast í ábyrgðir fer skv. 68. og 69. gr.

sveitarstjórnarlaga.

61. gr.

Ársreikningur.

Gera skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reikningsskilavenju. Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður og samþykktur af byggðarráði og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert. Sveitarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélagsins, stofnana og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert. Ársreikning sveitarfélagsins, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí ár hvert.

62. gr.

Endurskoðun ársreikninga.

Sveitarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, sem og fyrirmælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

IX. KAFLI

Samvinna við önnur sveitarfélög og samningar um starfrækslu verkefna.

63. gr.

Samvinna sveitarfélaga.

Sveitarstjórn er heimilt að eiga samstarf um rækslu verkefna við annað eða önnur sveitarfélög og framselja vald til töku ákvarðana um rétt og skyldu manna. Fer um slíkt samstarf skv. IX. kafla sveitarstjórnarlaga og þeim sérlögum sem við eiga.

64. gr.

Samningar við einkaaðila

Sveitarstjórn er heimilt að gera samninga við einkaaðila um framkvæmd á þjónustu eða öðrum verkefnum fyrir sveitarfélagið, enda sé áætlað fyrir viðkomandi verkefni í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, sbr. 100. gr. sveitarstjórnarlaga. Skulu ákvæði stjórnsýslulaga og upplýsingalaga sem og almennar meginreglur stjórnsýsluréttar, gilda um þá stjórnsýslu sem verktaki tekur að sér að annast.

X. KAFLI

Samráð við íbúa – íbúapátttaka.

65. gr.

Samráð við íbúa.

Sveitarstjórn skal leitast við að tryggja íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess möguleika til þátttöku og áhrifa á stjórn sveitarfélagsins og undirbúning stefnumótunar, sbr. ákvæði X. kafla sveitarstjórnarlaga. Sveitarstjórn skal vinna að því að íbúar sveitarfélagsins geti fengið greinargóðar upplýsingar um áætlanir sem sveitarfélagið hefur til meðferðar og

önnur mál sem hafa verulega þýðingu fyrir sveitarfélagið. Í því skyni verði eftir því sem best hentar veittar upplýsingar á heimasíðu sveitarfélagsins eða á opnum borgarafundum.

66. gr.

Almenn atkvæðagreiðsla að frumkvæði íbúa.

Ef 20% þeirra sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga skal sveitarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst.

Um framkvæmd undirskriftasöfnunar, hlutverk sveitarstjórnar og framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu fer skv. 107. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga.

67. gr.

Viðaukar um fullnaðarafgreiðslur nefnda og starfsfólks.

Samþykkt þessari fylgja viðaukar um fullnaðarafgreiðslur nefnda og starfsmanna í samræmi við heimildir 36. gr. og 53. gr. samþykktarinnar, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga.

68. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Borgarbyggðar nr. 1213/2022 með síðari breytingum.

Innviðaráðuneytinu, xx. xx 2026.

f. h. r.

VIÐAUKAR
við samþykkt um stjórn Borgarbyggðar um fullnaðarafgreiðslu nefnda og starfsfólks í
stjórnsýslu án staðfestingar sveitarstjórnar.

Með vísan til 36. gr. og 53. gr. samþykktar um stjórn Borgarbyggðar eru settir eftirtaldir viðaukar við samþykktina:

Viðaukarnir varða fullnaðarafgreiðslu eftirtalinna nefnda og starfsmanna:

- Viðauki 1.1. Skipulags- og byggingarnefnd.
- Viðauki 1.2. Skipulagsfulltrúi.
- Viðauki 1.3. Byggingarfulltrúi.
- Viðauki 1.4. Umhverfis- og landbúnaðarnefnd.
- Viðauki 1.5. Sviðsstjóri fjármálasviðs.
- Viðauki 1.6. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs.
- Viðauki 1.7. Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.
- Viðauki 1.8 Starfsmenn barnaverndarþjónustu

VIÐAUKI 1.1
Skipulags- og byggingarnefnd.

1. gr.

Skipulags- og byggingarnefnd er heimilt að afgreiða án staðfestingar sveitarstjórnar mál á verksviði nefndarinnar ef:

- a. Lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því.
- b. Þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun.
- c. Þau víkja ekki frá stefnu sveitarstjórnar í veigamiklum málum, s.s. stefnu gildandi aðal-og deiliskipulagsáætlana.

2. gr.

Skipulags- og byggingarnefnd afgreiðir eftirtalin verkefni skipulagslaga, nr. 123/2010 án staðfestingar sveitarstjórnar, sbr. 2. mgr. 6. gr. skipulagslaga:

1. Ákvörðun um hvort að gerð sé tillaga að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi til samræmis við innkomin erindi með vísan til 38. gr. skipulagslaga.
2. Samþykkt og kynning lýsingar deiliskipulags samkvæmt ákvæðum 1.-3. mgr. 40. gr. skipulagslaga.
3. Ákvörðun um hvort að við útgáfu á framkvæmda- eða byggingarleyfi sé heimilt að víkja frá kröfum um breytingu á deiliskipulagi eða grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávik er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn, sbr. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga.
4. Ákvörðun samkvæmt 44. gr. skipulagslaga um útgáfu byggingar- eða framkvæmdaleyfis þar sem deiliskipulag er ekki í gildi og athugasemdir hafa verið gerðar af hálfu hagsmunaaðila eða lögbundinna umsagnaraðila, en framkvæmdin er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar.
5. Ákvörðun um að staðfesta stöðvun skipulagsfulltrúa á framkvæmdum sem hafnar eru án framkvæmdaleyfis, framkvæmdaleyfi brýtur í bága við skipulag eða það er fallið úr gildi, sbr. 53. gr. skipulagslaga.

6. Ákvörðun um að beita dagsektum í samræmi við 54. gr. skipulagslaga.

3. gr.

Skipulags- og byggingarnefnd afgreiðir eftirtalin verkefni laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 án staðfestingar sveitarstjórnar:

1. Veitir umsögn um framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum og tilgreindar eru í flokki B í 1. viðauka laganna.

4. gr.

Fundargerðir skipulags- og byggingarnefndar skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi sveitarstjórnar.

5. gr.

Skipulags- og byggingarnefnd er heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. gr. til sveitarstjórnar til fullnaðarafgreiðslu, s.s. ef lög, reglur, skipulag eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu skipulags- og byggingarnefndar skal nefndin vísa málinu til afgreiðslu sveitarstjórnar.

6. gr.

Eftir að skipulags- og byggingarnefnd hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til sveitarstjórnar.

7. gr.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Borgarbyggðar. Að öðru leyti skal gætt að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga.

8. gr.

Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að afgreiða mál á starfssviði hans, sem heyra undir skipulags og byggingarnefnd, sbr. viðauka 1.2. Skipulags- og byggingarnefnd, hefur eftirlit með afgreiðslum skipulagsfulltrúa og skulu þær kynntar á næsta reglulega fundi skipulags- og byggingarnefndar.

VIÐAUKI 1.2

Skipulagsfulltrúi.

1. gr.

Skipulagsfulltrúa er heimilt að afgreiða án staðfestingar sveitarstjórnar mál á verksviði nefndarinnar ef:

- a. Lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því.
- b. Þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun.
- c. Þau víkja ekki frá stefnu sveitarstjórnar í veigamiklum málum, s.s. stefnu gildandi aðal- og deiliskipulagsáætlana.

2. gr.

Skipulagsfulltrúi afgreiðir eftirtalin verkefni skipulagslaga nr. 123/2010, án staðfestingar sveitarstjórnar, sem eru á verkefnasviði skipulags- og byggingarnefndar, sbr. 2. mgr. 6. gr. skipulagslaga:

1. Samþykkir og gefur út framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. laganna fyrir framkvæmdum sem eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.
2. Samþykkir og gefur út framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. laganna þegar deiliskipulag liggur ekki fyrir ef engar athugasemdir hafa verið gerðar við grenndarkynningu og athugasemdir ekki gerðar af hálfu lögbundinna umsagnaraðila séu þeir til staðar.
3. Afgreiðir tillögu um deiliskipulag ef fallist er á allar athugasemdir Skipulagsstofnunar um form deiliskipulagstillögu skv. 5. málsl. 1. mgr. 42. gr. laganna.
4. Afgreiðir tillögu um óverulega breytingu á deiliskipulagi til Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga, hafi engar athugasemdir borist við grenndarkynningu.
5. Framlengir frest til að gera athugasemdir við auglýstar eða grenndarkynntar tillögur.
6. Stöðvar framkvæmd sem er hafin án þess að framkvæmdaleyfi sé fengið fyrir henni, framkvæmdaleyfi brýtur í bága við skipulag, er fallið úr gildi eða framkvæmd er í ósamræmi við útgefið framkvæmdaleyfi eða skilyrði þess. Einnig getur skipulagsfulltrúi krafist þess að hin ólöglega framkvæmd sé fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt. Sinni framkvæmdaðili ekki þeirri kröfu er heimilt að framkvæma slíkar aðgerðir á hans kostnað.
7. Grenndarkynnir tillögur að óverulegum breytingum á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. og byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar í þegar byggðu hverfi og þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir skv. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Heimilt er að fresta afgreiðslu slíkra erinda þegar fyrir liggur ákvörðun sveitarstjórnar að hefja vinnu við deiliskipulag fyrir viðkomandi svæði.
8. Ákvörðun samkvæmt 44. gr. skipulagslaga um útgáfu byggingar- eða framkvæmdaleyfis þar sem deiliskipulag er ekki í gildi ef engar athugasemdir hafa borist af hálfu hagsmunaaðila eða lögbundinna umsagnaraðila, og framkvæmdin er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar.
9. Skipulagsfulltrúa er heimilt að senda Skipulagsstofnun samþykktu deiliskipulagsbreytingu sem auglýst hefur verið og engar athugasemdir borist við og birta auglýsingu um samþykkt hennar í Stjórnartíðindum skv. 42. gr. skipulagslaga nema skipulags- og byggingarnefnd ákveði annað.
10. Ákvarðanir samkvæmt 48. gr. skipulagslaga um skiptingu landa og lóða, sbr. einnig 6. gr. jarðalaga nr. 81/2004.
11. Framsendir, vísar frá eða synjar erindum sem beint er til skipulags- og byggingarnefndar og eru bersýnilega í ósamræmi við skipulagsáætlanir.

3. gr.

Afgreiðslur skipulagsfulltrúa sem taldar eru upp í 1. gr. skulu kynntar á næsta reglulega fundi skipulags- og byggingarnefndar.

4. gr.

Skipulagsfulltrúa er heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. gr. til skipulags- og byggingarnefndar til fullnaðarafgreiðslu, s.s. ef lög, reglur, skipulag eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu skipulagsfulltrúa skal skipulagsfulltrúi vísa málinu til afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar.

5. gr.

Eftir að skipulagsfulltrúi hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til sveitarstjórnar.

6. gr.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Borgarbyggðar. Að öðru leyti skal gætt að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

VIÐAUKI 1.3

Byggingarfulltrúi.

1. gr.

Byggingarfulltrúa er heimilt að afgreiða án staðfestingar sveitarstjórnar mál á verkefnasviði skipulags- og byggingarnefndar ef:

- a. Lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því.
- b. Þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun.
- c. Þau víkja ekki frá stefnu sveitarstjórnar í veigamiklum málum, s.s. stefnu gildandi aðal- og deiliskipulagsáætlana.

2. gr.

Byggingarfulltrúi afgreiðir, án staðfestingar sveitarstjórnar, mál er falla undir lög um mannvirkni nr. 160/2010 með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögunum skv. heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 53. gr. samþykktar Borgarbyggðar sem eru á verkefnasviði skipulags- og byggingarnefndar.

3. gr.

Undanskildar frá afgreiðslum skv. 1. gr. eru nafngiftir á götum, vegum og torgum.

4. gr.

Byggingarfulltrúi afgreiðir mál er falla undir 1. gr. og getur hann gefið út byggingarleyfi að uppfylltum ákvæðum laganna og þeirra reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra, úthlutunar- og skipulagsskilmálum og öðrum samþykktum sveitarfélagsins um byggingarmál.

Byggingarfulltrúa er heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. gr. til skipulags- og byggingarnefndar til fullnaðarafgreiðslu, s.s. ef lög, reglur, skipulag eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu byggingarfulltrúa skal byggingarfulltrúi vísa málinu til afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar.

5. gr.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa skulu kynntar á næsta reglulega fundi skipulags- og byggingarnefndar.

6. gr.

Eftir að byggingarfulltrúi hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til sveitarstjórnar.

7. gr.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Borgarbyggðar. Að öðru leyti skal gætt að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

VIÐAUKI 1.4

Umhverfis- og landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Umhverfis- og landbúnaðarnefnd er heimilt að afgreiða án staðfestingar sveitarstjórnar mál á verksviði nefndarinnar ef:

- a. Lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því.
- b. Þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun.
- c. Þau víkja ekki frá stefnu sveitarstjórnar í veigamiklum málum, s.s. stefnu gildandi aðal- og deiliskipulagsáætlana.

2. gr.

Umhverfis- og landbúnaðarnefnd afgreiðir eftirtalin verkefni laga um vatnsveitur sveitarfélaga án staðfestingar sveitarstjórnar, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004.

1. Hvers kyns ákvarðanir varðandi starfsemi Vatnsveitu Álftaneshrepps að undanskildum þeim sem varða mannráðningar, staðfestingu gjaldskrár, fjárhagsáætlun og ákvarðanir um nýframkvæmdir, sbr. ákvæði í gildandi innkaupareglum.
2. Hvers kyns ákvarðanir varðandi starfsemi Vatnsveitu Bæjarsveitar að undanskildum þeim sem varða mannráðningar, staðfestingu gjaldskrár, fjárhagsáætlun og ákvarðanir um nýframkvæmdir, sbr. ákvæði í gildandi innkaupareglum.
3. Hvers kyns ákvarðanir varðandi starfsemi Vatnsveitu Varmalands að undanskildum þeim sem varða mannráðningar, staðfestingu gjaldskrár, fjárhagsáætlun og ákvarðanir um nýframkvæmdir, sbr. ákvæði í gildandi innkaupareglum.
4. Hvers kyns ákvarðanir varðandi starfsemi Hitaveitu Varmalands að undanskildum þeim sem varða mannráðningar, staðfestingu gjaldskrár, fjárhagsáætlun og ákvarðanir um nýframkvæmdir, sbr. ákvæði í gildandi innkaupareglum.

3. gr.

Fundargerðir umhverfis- og landbúnaðarnefndar skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi sveitarstjórnar.

4. gr.

Umhverfis- og landbúnaðarnefnd er heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. gr. til sveitarstjórnar til

fullnaðarafgreiðslu, s.s. ef lög, reglur, skipulag eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu umhverfis- og landbúnaðarnefndar skal nefndin vísa málinu til afgreiðslu veitarstjórnar.

5. gr.

Eftir að umhverfis- og landbúnaðarnefnd hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um kvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til sveitarstjórnar.

6. gr.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Borgarbyggðar. Að öðru leyti skal gætt að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga.

VIÐAUKI 1.5

Skrifstofa sveitarstjóra.

1. gr.

Sveitarstjóra er heimilt að fela teymisstjórum á skrifstofunni að afgreiða án staðfestingar sveitarstjórnar mál á verksviði skrifstofunnar ef:

- Lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því.
- Þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun.
- Þau víkja ekki frá stefnu sveitarstjórnar í veigamiklum málum, s.s. stefnu gildandi aðal-og deiliskipulagsáætlana.

2. gr.

Sveitarstjóraer heimilt að fullnaðarafgreiða afslátt af fasteignasköttum til elli- og örorkulífeyrisþega á grundvelli samþykktra reglna þar um, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

3. gr.

Sveitarstjóri afgreiðir mál er falla undir 2. gr. að uppfylltum ákvæðum laganna og þeirra reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra.

Sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs er heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. gr. til byggðarráðs til fullnaðarafgreiðslu, s.s. ef lög og reglur eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu sviðsstjóra skal hann vísa málinu til afgreiðslu byggðarráðs.

4. gr.

Afgreiðslur sveitarstjóra skulu kynntar með reglubundnum hætti á fundum byggðarráðs.

5. gr.

Eftir að sveitarstjóri hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða

mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til sveitarstjórnar.

6. gr.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Borgarbyggðar. Að öðru leyti skal gætt að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

VIÐAUKI 1.6

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

1. gr.

Sviðsstjóra fjölskyldusviðs er heimilt að afgreiða án staðfestingar sveitarstjórnar mál á verksviði sviðsins ef:

- a. Lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því.
- b. Þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun.
- c. Þau víkja ekki frá stefnu sveitarstjórnar í veigamiklum málum, s.s. stefnu gildandi aðal- og deiliskipulagsáætlana.

2. gr.

Sviðsstjóra fjölskyldusviðs í umboði fjölskyldunefndar er heimilt að fullnaðarafgreiða umsóknir um fjárhagsaðstoð til framfærslu í samræmi við reglur um fjárhagsaðstoð í sveitarfélaginu Borgarbyggð, samþykktar af sveitarstjórn, og sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

3. gr.

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs afgreiðir mál er falla undir 2. gr. að uppfylltum ákvæðum laganna og þeirra reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra.

Sviðsstjóra fjölskyldusviðs er heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. gr. til fjölskyldunefndar til fullnaðarafgreiðslu, s.s. ef lög og reglur eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu sviðsstjóra skal hann vísa málinu til afgreiðslu fjölskyldunefndar.

4. gr.

Afgreiðslur sviðsstjóra skulu kynntar með reglubundnum hætti á fundum fjölskyldunefndar.

5. gr.

Eftir að sviðsstjóri fjölskyldusviðs hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til sveitarstjórnar.

6. gr.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Borgarbyggðar. Að öðru leyti skal gætt að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

VIÐAUKI 1.7

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

1. gr.

Sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs er heimilt að afgreiða án staðfestingar sveitarstjórnar mál á verksviði byggðarráðs:

- a. Lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því.
- b. Þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun.
- c. Þau víkja ekki frá stefnu sveitarstjórnar í veigamiklum málum, s.s. stefnu gildandi aðal- og deiliskipulagsáætlana.

2. gr.

Sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs í umboði byggðarráðs, samkvæmt áfengislögum nr. 75/1998, gildandi málsmeðferðarreglum um áfengisveitingaleyfi og lögum um veitinga- og gististaði nr. 85/2007, er falið að gefa umsagnir um veitingu og endurnýjun rekstrar- og veitingaleyfa auk annarra leyfa sem varðar afmarkaða viðburði í samfélaginu.

3. gr.

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs afgreiðir mál er falla undir 2. gr. að uppfylltum ákvæðum laganna og þeirra reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra.

Sviðsstjóra er heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. gr. til byggðarráðs til fullnaðarafgreiðslu, s.s. ef lög og reglur eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu sviðsstjóra skal hann vísa málinu til afgreiðslu byggðarráðs.

4. gr.

Afgreiðslur sviðsstjóra skulu kynntar með reglubundnum hætti á fundum byggðarráðs.

5. gr.

Eftir að sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til sveitarstjórnar.

6. gr.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Borgarbyggðar. Að öðru leyti skal gætt að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

VIÐAUKI 1.8

Um fullnaðarafgreiðslu mála hjá Barnaverndarþjónustu Borgarbyggðar samkvæmt 3.

mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

1. gr.

Fullnaðarafgreiðsla mála barnaverndarþjónustu.

Viðauki þessi er settur á grundvelli 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Starfandi forstöðumaður barnaverndarþjónustu eða félagsráðgjafi í barnavernd fara með vald til fullnaðarafgreiðslu mála skv. 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002 og bera ábyrgð á öllum verkefnum og ákvörðunum sem byggja á barnaverndarlögum sem ekki hafa verið falin öðrum þ.m.t. umdæmisráði, dómstólum eða öðrum stjórnvöldum, sbr. 2. mgr. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Starfandi forstöðumaður barnaverndarþjónustu eða félagsráðgjafi í barnavernd fara hvor um sig með endanlegt ákvörðunarvald í eftirfarandi verkefnum er falla undir barnaverndarlög nr. 80/2002, án staðfestingar sveitarstjórnar:

- a. að bera ábyrgð á barnavernd, verkefnum og ákvörðunum samkvæmt lögunum sem eru ekki sérstaklega falin öðrum, sbr. 10. gr.,
- b. ákvörðun um hvort hefja eigi könnun máls, sbr. 21. gr.,
- c. gerð og framkvæmd áætlunar um meðferð máls, sbr. 23. gr.,
- d. taka ákvörðun um hvort loka eigi máli eða gera áætlun um meðferð máls, sbr. 23. gr.,
- e. veita aðstoð, sbr. a-e lið 1. mgr. 24. gr.,
- f. taka við forsjá eða umsjá barns og ráðstafa í fóstur, sbr. a-lið 1. mgr. 25. gr.,
- g. taka við forsjá eða umsjá barns og vista barn utan heimilis á heimili eða stofnun eða leita annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings, sbr. b-lið 1. mgr. 25. gr.,
- h. fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið úrskurði gegn vilja foreldra, sbr. a–e lið 1. mgr. 26. gr.,
- i. fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið úrskurði gegn vilja foreldra og/eða barns sem hefur náð 15 ára aldri, sbr. a- og b-lið 1. mgr. 27. gr.,
- j. gera kröfu fyrir héraðsdómi að fengnum úrskurði umdæmisráðs, sbr. 1. mgr. 28. gr. og
 - a. 29. gr.
- k. úrræði vegna ófæddra barna, sbr. 1. mgr. 30. gr.,
- l. gera kröfu fyrir dómi um sviptingu sjálfræðis barnshafandi einstaklings, sbr. 2. mgr.
 - a. 30. gr.
- m. neyðarráðstafanir, sbr. 31. gr.,
- n. skipan lögráðamanns eða taka yfir forsjá barns, sbr. 32. gr.,
- o. áætlun um trygga umsjá barns sem barnaverndarþjónusta hefur tekið við umsjá eða forsjá með, sbr. 33. gr.,
- p. senda inn beiðni til lögreglu um brottvikningu heimilismanns og nálgunarbann, sbr. 37. gr.,
- q. taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann skv. 3. mgr. 46. gr.,
- r. taka nauðsynlegar ákvarðanir um meðferð máls fyrir dómi skv. X. og XI. kafla,
- s. ráðstöfun barns í fóstur, sbr. 65. gr.,
- t. fara með alla vinnslu máls eftir að ákvörðun um vistun eða fóstur liggur fyrir,
- u. gerð fóstursamnings, endurskoðun og slit fóstursamnings, sbr. XII. kafla,
- v. ákvörðun um fjárhæð fósturlauna og framfærslueyris, sbr. 68. og 89. gr.,
- w. gera tillögur um umgengni barns í fóstri við foreldra og aðra nákomna, sbr. 74. gr.,
- x. gera tillögur um umgengni barns í vistun við foreldra og aðra nákomna, sbr. 81. gr.,
- y. hafa tiltæk úrræði, svo sem með rekstri vistheimila eða sambýla til að veita börnum móttöku að uppfylltum skilyrðum, sbr. a- og b-lið 84. gr.,
- z. hafa tiltækar stuðningsfjölskyldur, sbr. 85. gr.,
- aa. sumardvöl á vegum barnaverndarþjónustna, sbr. 86. gr.,
- bb. sem og aðrar stjórnvaldsákvarðanir er starfsfólki barnaverndarþjónustu er falið að taka

samkvæmt barnaverndarlögum.

Auk þess veitir barnaverndarþjónustan umsagnir vegna ættleiðingar skv. 16. og 31. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999 og tilnefnir málstjóra skv. 20. gr. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

2. gr.

Sjálfstæði barnaverndarþjónustu gagnvart sveitarstjórn og nefndum Borgarbyggðar.

Samkvæmt III. kafla barnaverndarlaga er sveitarstjórn, eða öðrum fastanefndum, ekki heimilt að gefa barnaverndarþjónustu fyrirmæli um meðferð einstakra mála. Því eiga 2. og 3. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga ekki við um barnaverndarþjónustu og er sveitarstjórn, fjölskyldunefnd Borgarbyggðar og öðrum nefndum ekki heimilt að hafa eftirlit með afgreiðslu einstakra mála barnaverndarþjónustu né taka ákvörðun í barnaverndarmálum.

3. gr.

Endurupptaka mála.

Beri aðili fram kvörtun vegna afgreiðslu Barnaverndarþjónustu Borgarbyggðar samkvæmt viðauka þessum, skal leiðbeina honum um réttarstöðu sína, með hliðsjón af 24. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, sbr. og 37. gr. samþykktar um stjórn sveitarfélagsins. Telji lögfræðingur sveitarfélagsins að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal Barnaverndarþjónustan taka málið upp að nýju..

4. gr.

Úrskurðarnefnd velferðarmála.

Aðila máls skal leiðbeint um rétt sinn til að skjóta málinu til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og lög um úrskurðarnefnd velferðarmála nr. 85/2015, og um kærufrest, ef um kæránlega ákvörðun er að ræða.